

greiða stefndu, Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Þorkelshólshreppi og Benedikt Axelssyni kr. 600.000 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Krafa stefnanda um, að staðfest verði, að íbúum Þverárhrepps sé heimilt að fara með búpening um lönd jarðanna Grafar, Miðhóps, þ. á m. um svonefnt Miðhópslíð, og Þingeyrarsels frá Þjóðvegi og upp með Gljúfúrá að vestanverðu allt fram á afréttarsvæðin Haukagilsheiði, Lambatungur og Kornsártungur svo og Fremrihlíð er ekki tekin til greina.

Stefnandi greiði stefndu, Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, Þorkelshólshreppi og Benedikt Axelssyni, kr. 600.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júlí 1984.

Nr. 220/1982. **Hreppsnefnd Grímsneshrepps
f.h. hreppsins**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

dánarbúi Helgu Jónsdóttur og gagnsök

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

svo og fjármálaráðherra

f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

hreppsnefnd Grímsneshrepps

f.h. hreppsins

og dánarbúi Helgu Jónsdóttur,

Guðmundi Ingva Sigurðssyni og

Inga Ingimundarsyni

Kaupréttur. Jarðalög. Stjórnarskrá. Gjafsóknarlaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1982. Dómkröfur hans eru þessar:

Að dæmt verði, að hæfilegt verð jarðarinnar Ásgarðs sé 1.234.410.00 krónur, eins og matsnefnd eignarnámsbóta hefur úrskurðað, eða önnur fjárhæð að mati Hæstaréttar.

Að greiðslu tildæmdrar fjárhæðar verði skipt þannig, að 70 hundraðshlutar greiðist út á einu ári, en eftirstöðvar á fjórum árum með 20% ársvöxtum.

Að ákvörðun héraðsdóms um gjafvarnarkostnað verði staðfest.

Að aðaláfrýjanda verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1982. Í gagnáfrýjunarstefnunni gerði hann þá kröfu, að allar kröfur hans í héraði yrðu teknar til greina og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti breytti gagnáfrýjandi hins vegar kröfum sínum á þessa lund:

Að dæmt verði að hæfilegt endurgjald fyrir jörðina Ásgarð í Grímsnesi sé 31.453.862.00 krónur.

Að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir flutning málsins hjá matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt mati Hæstaréttar.

Að staðfest verði ákvörðun héraðsdóms um gjafsóknarkostnað, þó með þeirri breytingu, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þennan málskostnað fyrir aukadómpinginu.

Að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lögmaður aðaláfrýjanda mótmælti því við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti, að hin hækkaða kröfugerð gagnáfrýjanda fengi komist að. Hin hækkaða kröfugerð kemur eigi til álita í Hæstarétti, enda er skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 eigi fullnægt.

Skilja verður fyrsta lið í kröfum aðaláfrýjanda svo, að krafist sé dóms um, að hann eigi rétt á að neyta kaupréttar að jörðinni Ásgarði gegn greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem skráð er hér að fram- an. Skilja verður fyrsta lið í kröfum gagnáfrýjanda svo, að aðaláfrýjandi eigi ekki rétt á að leysa til sín jörðina fyrir lægri fjárhæð en þar greinir.

Með meðalgöngustefnu 25. janúar 1983 áfrýjaði fjármálaráðherra

f.h. ríkissjóðs máli þessu, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. janúar 1983. Krefst hann þess, að ákvörðun héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað málsaðilja og laun skipaðra talsmanna þeirra, hæstaréttarlögmanna Guðmundar Ingva Sigurðssonar og Inga Ingimundarsonar, verði hrundið og breytt og þeim tildæmdar aðrar og lægri fjárhæðir eftir mati Hæstaréttar.

Þá krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður í þessum þætti málsins.

Stefndu í þessum þætti málsins krefjast þess aðallega, að meðalgöngusökinni verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að ákvörðun héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað verði staðfest. Þá krefjast þeir þess, að meðalgönguáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málkostnað fyrir Hæstarétti.

Í málinu er komið fram, að meðalgönguáfrýjandi greiddi í desember 1982 60.000.00 krónur upp í gjafsóknarkostnað og 50.000.00 krónur upp í gjafvarnarkostnað. Greiðslur þessar voru inntar af hendi með fyrirvara. Eru eigi efni til að vísa meðgöngusökinni frá Hæstarétti, enda hefur meðalgönguáfrýjandi lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi það að fá endurskoðun Hæstaréttar á ákvörðun héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað nú, þegar þeim dómi hefur verið áfrýjað að efni til.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, m.a. leigusamningur, dags. 9. febrúar 1984, þar sem Stangveiðifélagi Reykjavíkur er leigður allur réttur til laxveiði á stöng í Sogi fyrir landi jarðarinnar Ásgarðs í Grímsnesi frá og með 21. júní til og með 20. september 1984 fyrir samtals 478.500.00 krónur.

Þá hefur verið lagður fram kaupsamningur, dags. 17. febrúar 1984, þar sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur kaupir 12.5 ha úr landi Miðhúsa í Biskupstungum, Árnessýslu, á 95.000.00 krónur hvern hektara.

Ennfremur hefur lögmaður gagnáfrýjanda lagt fram framreiknreikning stefnufjárhæðar á grundvelli lánskjaravísitölu miðað við október 1982, er málið var dómtekið í héraði og til þess, er málið var flutt í Hæstarétti. Framreikningsfjárhæðin nemur 31.453.862.00 krónum.

Dómarar Hæstaréttar hafa farið á vettvang ásamt lögmönnum aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda.

Pegar hreppsnefnd ákveður að neyta kaupréttar á fasteignarréttindum skv. 2. mgr. 26. gr. jarðalaga nr. 65/1976, ber henni að greiða eiganda fullt verð fyrir sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Við ákvörðun á því verði, er gagnáfrýjandi á rétt á fyrir jörðina Ásgarð, ber m.a. að hafa það í huga, að lönd á þessum slóðum eru eftirsótt fyrir sumarbústaði, og enn fremur að Ásgarði fylgir verðmætur veiðiréttur í Sogi.

Með þessum athugasemdum og með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda dóms svo og með hliðsjón af verðlagsþróun hér á landi frá uppsögu héraðsdóms þykir nú rétt að taka kröfu gagnáfrýjanda í héraði, 15.136.000.00 krónur, til greina.

Samkvæmt þessu skal aðaláfrýjandi eiga rétt á að neyta kaupréttar síns að jörðinni Ásgarði í Grímsneshreppi að undanskildum eigum ábúanda, Ásmundar Eiríkssonar, gegn greiðslu á 15.136.500.00 krónum innan fjögurra vikna, frá því að honum er boðin jörðin til kaups eða hann krefst kaupa.

Málskostnaður í héraði á að falla niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda í héraði, dánarbús Helgu Jónsdóttur, ákveðst 270.000.00 krónur og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 200.000.00 krónur.

Gjafvarnarkostnaður stefnda í héraði, Hreppsnefndar Grímsneshrepps f.h. hreppsins, ákveðst 229.000.00 krónur og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 200.000.00 krónur.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður í meðal-göngusök fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 150.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Hreppsnefnd Grímsneshrepps f.h. hreppsins á rétt á að neyta kaupréttar að jörðinni Ásgarði í Grímsneshreppi gegn greiðslu á 15.136.500.00 krónum innan fjögurra

vikna, frá því að honum er boðin jörðin til kaups, eða hann krefst kaupa

Málskostnaður í héraði fellur niður

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda, dánarbús Helgu Jónsdóttur, í héraði ákveðst 270.00000 krónur og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000.00 krónur.

Gjafvarnarkostnaður aðaláfrýjanda í héraði ákveðst 229.000.00 krónur og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gjafvarnarhafa, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 200.000.00 krónur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti í meðalgöngusök fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fellur niður.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 150.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar
og Guðmundar Jónssonar.**

Land jarðarinnar Ásgarðs er alls 780 hektarar að stærð að því er fram kemur í málsgögnum. Jörðinni fylgir verðmætur veiðiréttur í Sogi, og eru leigutekjur fyrir veiðina á þessu ári 478.500.00 krónur. Þykir því sýnt, að veiðirétturinn er verðmætari en talið er í héraðsdómi. Á undanförunum árum hafa verið byggð víðáttumikil hverfi sumarbústaða í næsta nágrenni Ásgarðs, og slík sumarbústaðahverfi eru víðar í Grímsneshreppi. Landið sunnan Ásgarðsár vestan Sogsvegar hefur verið undanskilið landbúnaðarnotum undanfarna áratugi, sbr. 12. gr. laga nr. 65/1976, og það er mjög vel fallið til nýtingar sem sumarbústaðaland. Þykir verða að taka tillit til þessa við ákvörðun á heildarverðmæti jarðarinnar. Hins vegar þykir ekki hafa verið gætt að öllu leyti rétttra sjónarmiða við mat á landi jarðarinnar austan Sogsvegar sunnan Ásgarðsár og það land

vera metið of hátt, en það hefur verið nýtt til landbúnaðar. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að niðurstöðu til um verðmæti jarðarinnar að undanskildum mannvirkjum í eigu ábúandans, Ásmundar Eiríkssonar, á henni. Að öðru leyti erum við sammála niðurstöðu meiri hluta dómara nema um málskostnað fyrir Hæstarétti, sem við teljum að eigi að falla niður.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 12. október 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 1. október sl., er höfðað með stefnu, útgefni 15. desember 1980, og þingfest 16. desember s.á.

Sóknaraðiljar eru löggiltir skiptaforstjórar í dánarbúi Helgu Jónsdóttur, þeir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., Lágmúla 7, Jóhann H. Nielsson, hrl., Lágmúla 5, og Sveinn Snorrason hrl., Lágmúla 7, allir í Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þessar:

1. Dæmt verði, að hæfilegt endurgjald fyrir jörðina Ásgarð sé kr. 15.136.500.-
2. Að varnaraðili greiði kostnað af flutningi málsins hjá matsnefnd eignarnámsbóta og fyrir aukadómþinginu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn fyrir aukadómþinginu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. september 1982, allt samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.
3. Að varnaraðili greiði dæmdar fjárhæðir innan 14 daga frá birtingu dóms þessa gegn afsali jarðarinnar.

Varnaraðili er hreppsnefnd Grímsneshrepps í Árnassýslu, og eru dómkröfur hennar þessar:

Að varnaraðili verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja.

Að greiðslu tildæmdrar matsfjárhæðar verði skipt þannig, að 70 hundraðshlutar greiðist út á einu ári en eftirstöðvar á 4 árum með 20% ársvöxtum, og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðilja kostnað af málinu fyrir matsnefnd eignarnámsbóta og málskostnað í þessu máli samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá, dags. 31.08. 1971, arfleiddu hjónin Helga Jónsdóttir og Sigurliði Kristjánsson kaupmáður, síðast til heimilis að Laufásvegi 72, Reykjavík, Hjartavernd, Reykjavíkurborg og Skógrækt ríkisins að jörðinni Ásgarði í Grímsneshreppi með gögnum og gæðum. Þau hjón eru nú bæði látin, og standa skipti á búi Helgu yfir, en hún tók allan arf eftir mann sinn samkvæmt nefndri erfðaskrá.

Vegna ákvæða 2. mgr. 26. gr. jarðalaga nr. 65/1976 var varnaraðilja, hreppsnefnd Grímsneshrepps, gefinn kostur á að fá jörðina keypta.

Varnaraðili ákvað að neyta forkaupsréttar síns.

Ágreiningi um verð var vísað til matsnefndar eignarnámsbóta til ákvörðunar um verð og greiðslukjör, svo sem fyrir er mælt um í niðurlagsákvæði 26. gr. jarðalaga.

Þ. 17. nóvember 1980 kvað matsnefndin upp svohljóðandi úrskurð:

„Eignarnemi, hreppsnefnd Grímsneshrepps f.h. hreppsins, greiði eignarnámsþola, dánarbúi Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur kr. 124.341.000.- og kr. 1.500.000.- í málskostnað. Eignarnemi greiði ríkissjóðs kostnað af starfi matsnefndarinnar kr. 2.400.000.-“.

Sóknaraðili vildi ekki una mati nefndarinnar og höfðaði mál þetta með skírskotan til 17. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.

Með úrskurði dómsins þ. 25.11. 1981 var krafa sóknaraðilja um dómkvaðningu matsmanna tekin til greina, og var úrskurðurinn staðfestur með dómi Hæstaréttar þ. 28.01. sl.

Meðal þess, sem lagt hefur verið fram í málinu, er úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta á dskj. nr. 3 og matsgerð tveggja dómkvaddra manna um hugsanlegt söluverðmæti Ásgarðs á dskj. nr. 33.

Niðurstaða matsmanna er þessi:

1. Allt land sunnan Ágarðsár, en vestan Sogavegar .	kr. 7.100.000.-
2. Allt land sunnan Ásgarðsár, en austan Sogavegar —	4.640.000.-
3. Allt annað land jarðarinnar og þar með talin ræktun, girðingar og öll jarðarhús ásamt öllu, sem þeim fylgir og fylgja ber	— 2.016.500.-
4. Sumarbústaður Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur ásamt öllu því, sem honum fylgir og fylgja ber, þar með talin rafstöð	— 845.000.-
5. Veidihús ásamt öllu því, sem því húsi fylgir og fylgja ber	— 240.000.-
6. Veiðiréttur jarðarinnar í Sogi, Álftavatni og Ásgarðsá	— 2.000.000.-
	kr. 16.841.500.-

Matið er miðað við verðlag 1. júní 1982 og byggt á þeim forsendum, sem matsbeiðandi leggur því til grundvallar í matsbeiðni. Miðað er við staðgreiðslu.

Hinir dómkvöddu matsmenn, Hrafn Bragason borgardómari og Sverrir Kristinsson fasteignasali, hafa komið fyrir dóminn, þá hafa vitnin Ásmundur Eiríksson, ábúandi í Ásgarði, og forsvarsmenn Hjartaverndar og Skógræktar ríkisins komið fyrir dóm.

Sóknaraðili reisir kröfugerð sína á mati hinna dómkvöddu manna á dskj. nr. 33 að því undanskildu, að lið 3 lækkar hann um kr. 1.705.000.-, sem eru verðmæti mannvirkja á landinu, þannig að eign dánarbúsins skv. þessum lið sé kr. 311.500.-. Málssóknin er studd þeim rökum, að matsnefnd eignarámsbóta hafi ekki gætt rétttra matssjónarmiða við verðákvörðun sína. Hafi nefndinni borið, að beita eignarnámssjónarmiðum og meta jörðina við því verði, sem hún kynni að ganga á í kaupum og sölum. Hinir dómkvöddu matsmenn hafi hins vegar í mati sínu á dskj. nr. 33 miðað við, hvert væri gangverð jarðarinnar með tilliti til þess, að hluta megi landið niður í sumarbústaðalóðir. Náttúrufegurð á jörðinni og nálægð hennar við mestu þéttbýlissvæði landsins geri slíkar lóðir mjög eftirsóknarverðar og hljóti því mat á verðmæti fasteignaréttinda þeirra, sem hér um ræðir, að ákvarðast með hliðsjón af því.

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að í tilviki sem þessu beri ekki að beita eignarnámssjónarmiðum heldur leiði ákvæði 1., 10. og 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976 til sömu niðurstöðu og matsnefnd eignarámsbóta hefur komist að í mati sínu, nefnilega að ekki beri að taka tillit til hugsanlegra nota landsins eða hluta þess undir sumarbústaðalóðir.

Forsendur og niðurstaða.

Varnaraðili reisir forkaupsrétt sinn til fasteignaréttinda þeirra, sem hér um ræðir, á ákvæðum 2. mgr. 26. gr. laga nr. 65/1976. Tilvísun nefndrar lagaheimildar til reglna um greiðslu bóta samkvæmt lögum um eignarnám ber að skilja svo, að við verðákvörðun umræddra fasteignaréttinda í tilefni af þeirri ákvörðun varnaraðilja að neyta forkaupsréttar beri að beita eignarnámssjónarmiðum. Er slíkur skilningur í samræmi við meginreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvæði 1., 10. og 12. greina jarðalaga nr. 65/1976 eða aðrar réttarheimildir veita ekki fullnægjandi stoð fyfir annarri niðurstöðu. Við verðlagningu ber því að beita þeirri meginreglu að meta umrædd fasteignaréttindi á því verði, sem ætla má, að fengist fyrir þau við sölu.

Við þá ákvörðun þykir rétt að hafa matsgerðina á dskj. nr. 33 til hliðsjónar og fylgja í meginatriðum þeirri skiptingu fasteignarinnar, sem þar kemur fram.

Við mat á landsvæði undir lið 1. í matsgerðinni (allt land sunnan Ásgarðsár og vestan Sogsvegur) ber að gæta þess, að fram kemur í málinu, að landsvæði þetta hefur ekki verið í landbúnaðarnotum skv. 12. gr. jarðalaga og að við staðfestingu matsins kom fram, að verðákvörðun matsmanna, kr. 7.100.000.-, er talin rétt miðað við þær forsendur, sem nú liggja fyrir, þ.e. að svæðið er óskipulagt. Með hliðsjón af framansögðu svo og af legu og náttúrugæðum umrædds lands og matsgerðinni að öðru leyti ber að fallast á nefnda verðákvörðun.

Land sunnan Ásgarðsár, en austan Sogsvegar, sem fjallað er um í matslið 2, er í landbúnaðarnotum skv. 1. mgr. 12. gr. jarðalaga. Það er á flestan hátt líkt landi því, er greinir í matslið 1. Unnt er að leysa það úr landbúnaðarnotum með þeim hætti, sem greinir í fyrrnefndri lagaheimild. Ekki er vitað, hvort veruleg andstaða væri gegn slíkum breytingum, ef á reyndi, en ætla má, að unnt sé að taka smáspildur úr landbúnaðarnotum, án þess að búskaparskilyrði skerðist að marki. Hliðstæð sjónarmið og að framan greinir um spildu í matslið 1 varðandi hugsanlega nýtingu svæðisins koma hér til álita. Þykir verðmæti lands þessa samkvæmt framangreindum sjónarmiðum hæfilega metið kr 2.750.000.-

Grunnverðmæti lands þess, er greinir í lið 3 og er land jarðarinnar norðan Ásgarðsár þykir hæfilega metið kr. 311.500.-, svo sem matsmenn hafa gert í umræddu mati á dskj. nr. 33.

Sumarbústaður, sem greinir í lið 4 í matsgerðinni, þykir hæfilega metinn á kr. 700.000.- miðað við núverandi ástand og með hliðsjón af matsgerð.

Veidihús, sem greinir í lið 5 í matsgerð, þykir hæfilega metið á kr. 200.000.- miðað við núverandi ástand og með hliðsjón af matsgerð.

Með hliðsjón af leigugjaldi og veiði á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár undanfarið þykir hæfilegt að meta veiðihlunnindi í Sogi, Ásgarðsá og Álftavatni á kr. 1.800.000.-

Samkvæmt þessu þykir verðmæti umræddra fasteignaréttinda hæfilega ákveðið kr. 12.861.500.-

Taka ber kröfur sóknaraðilja til greina þannig, að varnaraðili á rétt á því að neyta forkaupsréttar á framangreindum fasteignaréttindum fyrir kr. 12.861.500.- innan 4 vikna frá því að honum eru boðin fasteignaréttindin til kaups.

Málskostnaður milli aðilja fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður ákveðst kr. 420.000.- og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 350.000.- Gjafvarnarkostnaður ákveðst kr. 379.000.- og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Inga Ingimundarsonar hrl., kr. 350.000.-

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Árna Jónssyni landnámsstjóra og Stefáni Má Stefánsyni prófessor.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, hreppsnefnd Grímsneshrepps, á rétt á að neyta forkaupsréttar síns að jörðinni Ásgarði gegn greiðslu kr. 12.861.500.- innan 4 vikna frá því að henni er boðin jörðin til kaups.

Málskostnaður milli aðilja fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður ákveðst kr. 420.000.- og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 350.000.-

Gjafvarnarkostnaður ákveðst kr. 379.000.- og greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Inga Ingimundarsonar hrl., kr. 350.000.-

Mánudaginn 9. júlí 1984.

Nr.130/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Marteini Kristjáni Einarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. þ.m., er barst Hæstarétti 5. þ.m., og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja um varnaraðilja, sem ákærður hefur verið fyrir mörg alvarleg brot og á langan brotaferil að baki, verður að telja verulega hættu á, að hann muni halda áfram brotum, ef hann verður nú látinn laus. Ber því samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.